

Fögur framtíð í Fljótsdal

Samfélagsnefnd Fljótsdalshrepps er þannig skipuð til ársloka 2022: Formaður Þórhallur Jóhannsson, Brekkugerði, varaformaður Arna Björg Bjarnadóttir, Valþjófsstað, Lárus Heiðarsson, Droplaugarstöðum, Jóhann F. Þórhallsson, Brekkugerði og Signý Ormarsdóttir frá Austurbrú, auk varamanna. Nefndin skiptir með sér störfum.

Markmið með vinnu nefndarinnar er að leita leiða til að efla og styrkja samfélag í Fljótsdalshreppi með því m.a. að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra, fyrirtækja í hreppnum og annarra sem geta lagt verkefninu lið við að sjá framtíðarmöguleika bygðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við sveitarfélagið.

Austurbrú hefur ráðið Ásdísi Helgu Bjarnadóttur sem verkefnisstjóra í verkefnið Fögur framtíð í Fljótsdal í samráði við samfélagsnefndina og á grundvelli samnings milli Austurbrúar og Fljótsdalshrepps. Yfirmaður verkefnisstjóra er framkvæmdastjóri Austurbrúar. Verkefnisstjóri er starfsmaður nefndarinnar og fylgir eftir þeim ákvörðunum sem teknar eru um framgang verkefnisins.

Hafið samband, lítið við:

Ásdís Helga er með starfsstöð hjá Austurbrú á Egilsstöðum og með reglulega viðveru í Fljótsdal, að jafnaði á fimmtudögum milli 13:00-16:00. Þeir sem hafa áhuga á að kynna henni starfsemi sína eða ræða hugmyndir eru hvattir til að hafa samband og/eða líta við. Á Fljótsdalsdögum verða morgnar nýttir í heimsóknir ef eftir því verður leitað. Ef breytingar verða gerðar eða eitthvað óvænt kemur upp á gagnvart viðverunni verður því komið á framfæri á fésbókinni undir síðunni Fögur framtíð í Fljótsdal.

Hægt er að hafa samband við Ásdísi Helgu í síma 470 3800/ 899 6172 eða með því að senda tölvupóst á asdis@austurbru.is